

Nd.

507. Breytingartillögur

[30. mál]

við frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:
Í Rannsóknaráði skal eiga sæti 21 maður.
 - b. Í stað „5 alþingismenn“ í 2. mgr. komi: 7 alþingismenn.
 - c. 9. mgr. orðist svo:
Fimm fyrir hagnýtar rannsóknir, forstjórar eftirtalinna rannsóknarstofnana:
 - d. Síðasta mgr. orðist svo:
Menntamálaráðherra er formaður Rannsóknaráðs og skipar varaformann úr hópi annarra ráðsmanna.
2. Við 4. gr. Næstsíðasti másl. („Í framkvæmdanefndinni ... til rannsókna“) falli niður.
3. Við 6. gr. Orðin „í raunvísindum“ falli niður.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrjú menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
5. Við 12. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
6. Við 13. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta másl. komi: Forstjóri.

7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
 Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:
 Landssamband ísl. útvegsmanna tvo menn.
 Fiskifélag Íslands einn mann.
 Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda einn mann.
 Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands einn mann.
 Alþýðusamband Íslands einn mann.
 Sjómannasamband Íslands einn mann.
 Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
 Nefndin kys sér formann.
 Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.
 Sjávarútvegsráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.
8. Við 17. gr.
 a. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. másl. komi: meðal annars.
 b. Á eftir 4. lið komi nýr liður:
 Rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv.
 c. Við 5. lið bætist: svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa.
9. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
 Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrjú menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
10. Við 21. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
11. Við 22. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta másl. komi: Forstjóri.
12. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
 Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:
 Fiskifélag Íslands.
 Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
 Félag íslenskra fiskimjölframleiðenda.
 Samband ísl. samvinnufélaga.
 Síldarútvegsnefnd.
 Samlag skreiðarframleiðenda.
 Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
 Félag fiskniðursjóðenda.
 Sjómannasamband Íslands.
 Alþýðusamband Íslands.
 Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kys sér formann.
 Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.
 Sjávarútvegsráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarinnar skuli hagað.
13. Við 26. gr. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. másl. komi: meðal annars.
14. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
 Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrjú menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar,

- einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
15. Við 30. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
 16. Við 31. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málsl. komi: Forstjóri.
 17. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn:
Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölu-
lið 35. gr., einn mann.
Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölu-
lið 35. gr., einn mann.
Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt,
en hinn í búfjárrækt.
Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann.
Stéttarsamband bænda tvo menn.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunráði.
Ráðið kys sér formann.
Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina land-
búnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um
starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.
Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum
í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.
 18. Við 34. gr. 4. liður orðist svo:
Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum.
 19. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðv-
um á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarð-
rækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður.
Stofnuninni er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd
um tilraunir, ræktun úrvalsfræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunar-
innar, eins og stjórnin telur hentugt.
 20. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera þrjú menn, skipaðir
af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn
tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd
stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórn-
arinnar og ákveður stjórnarlaun.
 21. Við 39. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
 22. Við 40. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málsl. komi: Forstjóri.
 23. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
Við Rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir að-
ilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:
Alþýðusamband Íslands.
Félag íslenzkra iðnrekenda.
Iðnaðarbanki Íslands.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Samband ísl. samvinnufélaga.
Verzlunarráð Íslands.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kys sér formann.

- Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.
- Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.
24. Við 43. gr.
a. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. másl. komi: meðal annars.
b. Við 2. lið bætist: í þágu iðnaðar.
25. Við 47. gr. Greinin orðist svo:
Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
26. Við 48. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
27. Við 49. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta máslíð komi: Forstjóri.
28. Við 51. gr. Greinin orðist svo:
Við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:
Alþýðusamband Íslands.
Arkitektafélag Íslands.
Félag íslenskra iðnrekenda.
Húsameistari ríkisins.
Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Borgarstjórn Reykjavíkur.
Sementsverksmiðja ríkisins.
Teiknistofa landbúnaðarins.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Raforkumálastjóri.
Vegamálastjóri.
Vitamálastjóri.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kys sér formann.
Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.
- Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.
29. Við 52. gr. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. másl. komi: meðal annars.
30. Við 54. gr. Ný mgr. bætist við gr., svo hljóðandi:
Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar.
31. Við 55. gr. Við síðustu mgr. bætist: eða samkvæmt sérstökum samningi.
32. Við 56. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenskrar visindastarfsemi.
33. Við 57. gr. Greinin orðist svo:
Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins kallar forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar saman á fund ársfjórðungslega eða oftár, ef þurfa þykir. Skulu þeir ræða málefni, sem eru þessum stofnunum sameiginleg.

34. Við 58. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landssvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar og landssvæði þeirra skulu vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

35. Við 63. gr. Við síðasta málsl. bætist: enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands.

36. Við 64. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, orðin „þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans“ í 9. gr. laga nr. 60/1957, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

37. Við 65. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.